



ORKUSTOFNUN

Uppistöðuvatn við Heiðará. Laus jarðlög

Skúli Víkingsson

Greinargerð SV-91-05

Uppistöðuvatn við Heiðará laus jarðlög.

Ég hef tvisvar komið að Heiðará og skoðað nokkuð laus jarðlög. Ég skoðaði töluvert mela umhverfis þessa lægð og þar fyrirfinnst jökulruðningur, sem að jafnaði er bezta efni sem völ er á í stíflukjarna, en útbreiðslan er lítil og þar af leiðandi mjög óvist hvort nægilegt efni fengist í stíflu. Gróft jökulárset í malarásum finnst líka, en sama er um það að segja. Það er lítið að vöxtum og liggar allfarri fyrirhuguðu stíflustæði.

Innan við ráðgert stíflustæði er (eins og fram kemur í greinargerð Kristjáns Sæmundssonar (KS-91/15)) gamalt vatnsstæði, sem fyllzt hefur framburði. Bezta raun myndi gefa að nota efnið úr lægðinni og hanna stífluna í samræmi við það. Efnið í þessari fyllu er að langmestu leyi sandur. Í sniði sem ég skoðaði í júní 1985 var neðst dökkgrár, méluborinn sandur, en ofar í sniðinu malarkennd lög innan um sandinn. Sandmalarlögin hafa sokkið að hluta í méluga efnið og veldur það truflun á lagskiptingu, en þar sem mélugu lögin eru ekki undir hefur engin truflun orðið á lagskiptinu í sandinum. Á yfirborði þessarar fyllu er nær samfelld dreif af fínmöl, en í sniðum sést að efnið er fínna eða að mestu sandur. Lekt í slíku efni er frekar lítil þótt ekki sé það vatnsþétt.